

Að marmaraspartla vegg

Aðferð

Lýsing

Marmaraspartlið er fyrst og fremst fallet og hefur lengi verið vinsælt meðal hönnuða og arkitekta, jafnt í eldri húsum sem nýbyggingum. Marmaraspartlið hefur eiginleika til að bregðast við raka í andrúmsloftinu með því að „anda“, í stað þess að bóligna út og skemmast eins og plasmálningu hættir til. Efnið er afar basískt og veitir því viðnám gegn myglu og bakteríum.

Meðhöndlun

1. Tryggið að flöturinn sé hreinn og laus við ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi.
2. Byrjið á að bera eina umferð af Coridecor Start-grunni á flötinn. Jafnt lag (1-3 mm) er borið á flötinn með múrskeið úr hertu stáli og bogadregnum hornum. Eftir að efnið er byrjað að taka sig er mögulegt að bleyta það og nota svamp á flötinn til að fá jafna áferð.
3. Þegar grunnurinn er þornaður er Coristil marmaraspartlið borið á með samskonar múrskeið. Þegar fyrri umferðin er orðin alveg þurr má fara seinni umferðina – beitið efnið nokkrum þrýstingi allan tímann. Áður en seinni umferðin þornar alveg er flöturinn fægður með múrskeið úr plasti sem beitt er þrýstingi.
4. Til að tryggja þvottheldni marmaraspartls má bera á það sérhannað bývax. Vaxið er borið á í þunnu lagi með svampi eða tusku og dregur það ekki úr gæðum efnisins. Hægt er að bóna vaxið til þess að ná upp meiri gljáa á spartlinu. Marmaraspartlið þarf að fá að þorna í minnst fimm daga áður en vaxið er borið á. Marmaraspartlið nær fullum styrk og hörku á einum mánuði.

Marmaraspartl er ætandi og skal forðast að fá það á húð og í augu. Notið hanska og öryggisgleraugu.

**Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniþlögum.*

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Gljástig: U.þ.b. 30%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Múrskeið (hert stál og plast)

Þurrktími: Startgrunnur 3-5 klst; marmaraspartl um 16 klst, fer eftir þykkt

Yfirmálun: Startgrunnur 24 klst, marmaraspartl 24 klst

Full hörðun: 1 mánuður

Þekja: Startgrunnur 1,5 kg/m²; marmaraspartl 1,5 kg/m²; bývax 30 m²/l

Hreinsun: Vatn

